



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16.4.2019  
Tilvísun: 201904-0008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatta á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum, 762. Mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatta á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum, 762. mál).

Með frumvarpinu er lagt til að greiðslur til höfunda og/eða einstaklinga sem rétthafa frá viðurkenndum samtökum rétthafa skv. höfundarlögum, verði skattlagðar sem fjármagnstekjur þar sem um eignartekjur sé að ræða fremur en launatekjur.

Alþýðusamband Íslands telur almennt að skattkerfið eigi stuðla að auknum tekju- og eignajöfnuði. Misskipting og ójöfnuður dregur úr félagslegum hreyfanleika, efnahagslegum og pólitískum stöðugleika og hefur neikvæð áhrif á hagvöxt og lífskjör til framtíðar.

Líður í að tryggja þetta er að skattkerfið ívilni ekki sérstaklega þeim sem hafa tekjur sínar af eignum umfram þá sem framfleyta sér með launatekjum. ASÍ telur því mikilvægt að gerðar verði endurbætur á skattlagningu fjármagns- og eignartekna til að stuðla að auknu samræmi í skattlagningu launa- og eignatekna.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ

# Fjármála- og efnahagsráðuneytið

## Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála  
Dagsetning: 06.06.2019  
Málsnúmer: FJR19011110  
Bréfalykill: 3.6

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum)

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis hefur skrifstofa skattamála (SSK) tekið saman minnisblað um helstu álitafni tengd frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (þskj. 1213 – 762. mál) ásamt mögulegri útfærslu á breytingartillögu.

Helsta álitafni frumvarpsins má rekja til umsagnar Rithöfundasambands Íslands (RSÍ) sem nefndinni barst þann 9. apríl sl. Í umsögninni er áréttað að RSÍ sé hlynnt framgangi frumvarpsins en telur þó rétt að gildissvið frumvarpsins verði látið ná yfir allar greiðslur af höfundaverkum eftir frumsköpun en ekki einungis þær greiðslur sem greiddar eru rétt höfum í gegnum eða fyrir tilstilli rétthafasamtaka. RSÍ tekur fram að stór hluti tekna rithöfunda eftir frumsköpun lúti m.a. að sölu á t.d. kvikmyndarétti að bókmenntaverkum eða rétti til sviðsuppsetningar í leikhúsi og slíkir samningar séu ávallt gerðir á einstaklingsgrunni en ekki fyrir tilstilli eða milligöngu samtaka rétthafa. Þá er tekið fram að enginn eðlismunur sé á greiðslum til rétthafa vegna t.d. sölu á kvikmyndarétti verndaðs bókmenntaverks og þeim greiðslum sem berast rétt höfum í gegnum RSÍ. Því er lagt til að fellt verði brott það skilyrði að greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem rétthafa verði að berast frá viðurkenndum samtökum rétthafa.

Við samningu frumvarpsins hafði ráðuneytið til hliðsjónar vilja ríkisstjórnarinnar um skattlagningu höfundaréttartekna, en í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var kveðið á um að höfundaréttartekjur sem færu í gegnum viðurkennd samtök rétthafa yrðu skattlagðar sem eignatekjur/fjármagnstekjur. Helstu rökin fyrir þessari leið eru m.a. þau að hún stuðlar að auknu gegnsæi og minnkar líkur á skattundanskotum eða rangri skattalegri meðhöndlun höfundaréttartekna án ásetnings. Einnig, líkt og fram kemur í minnisblaði ríkisskattstjóra (RSK) til nefndarinnar, var hugsunin með þessari leið sú að eingöngu væri verið að líta til „nýtingar“ á verkum sem þegar hafa verið sköpuð en ekki vörusölu með beinni eignatilfærslu milli aðila, sbr. eftirfarandi sem fram kemur í 3. kafla greinagerðar frumvarpsins: „Núgildandi fyrirkomulag á skattlagningu tekna af höfundaréttindum hefur sætt gagnrýni þar sem komið hafa fram þau sjónarmið að eðlilegt þyki að tekjur vegna nýtingar á verkum sem þegar hafa verið sköpuð séu skattlagðar eins og aðrar tekjur manna af eignum sínum“. Með þessu væri heldur ekki verið að hrófla við þeirri meginreglu að allar greiðslur vegna sölu á verkum sem jafna má við hverja aðra vörusölu, s.s. útgáfurétti eða bókum, tónlist, myndverkum og öðru slíku, teljast til almennra tekna viðkomandi. Ráðuneytið er þ.a.l. ósammála því sem fram kemur í umsögn RSÍ um að enginn eðlismunur sé annars vegar á greiðslum til rétthafa vegna t.d. sölu á kvikmyndarétti verndaðs bókmenntaverks og hins vegar þeim greiðslum sem berast rétt höfum í gegnum RSÍ þar sem í síðara tilvikinu er um að ræða nýtingu á verki sem er í samræmi við núverandi afmörkun á gildissviði frumvarpsins.

Á fundi SSK með fulltrúa efnahags- og viðskiptanefndar þann 29. maí sl. kom fram hugsanlegur vilji nefndarinnar til þess að víkka út gildissvið frumvarpsins. Á fundinum fóru fulltrúar SSK yfir

fyrirliggjandi frumvarp og ákvæði þess. Lögð var áhersla á að eingöngu væri um að ræða greiðslur til einstaklinga sem höfunda og/eða annarra rétthafa, sbr. tilvísun 1. gr. frumvarpsins til 3. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga, en slíkar tekjur teljast nú til almennra tekna sem sæta launaskattlagningu. Verði frumvarpið að lögum munu slíkar tekjur vegna nýtingar verka hins vegar teljast til fjármagnstekna. Ekki er því um það að ræða samkvæmt frumvarpinu að atvinnutekjur, sbr. B-lið 7. gr. tekjuskattslaga, geti talist til fjármagnstekna samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi.

Ef vilji nefndarinnar stendur til þess að gera breytingar á frumvarpinu í þá veru að það verði ekki bundið við „viðurkennd samtök rétthafa“ telur ráðuneytið að skýra þurfi ítarlega í nefndaráliti að eingöngu sé um að ræða greiðslur vegna nýtingar verka eftir að það er orðið aðgengilegt almenningi samkvæmt höfundalögum, sbr. minnisblað RSK til nefndarinnar. Í höfundalögum nr. 73/1972 er fjallað um réttindi höfunda o.fl. í I. kafla laganna sem ber heitið „Réttindi höfunda o.fl.“. Koma þarf skýrt fram í nefndaráliti að eingöngu sé um að ræða höfundaréttindi til handa höfundum eða öðrum einstaklingum sem rétthöfum vegna verka sem falla undir lögina sem slík sbr. 1. gr. laganna. Þá er nánar skilgreint í 2. og 3. gr. laganna hvenær verk teljist hafa verið gerð aðgengileg almenningi eða birt og gefin út fyrir almenning. Í þessu sambandi má benda á að viðvarandi voru t.a.m. deilur um það hvað teldist vera listaverk listamanna í skilningi laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt sem væru undanþegin virðisaukaskatti eða almenn verslunarvara, en í frumvarpi því sem varð að lögum um virðisaukaskatt kom m.a. fram að undir hugtakið listaverk féllu ekki endurgerðir listaverka í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verslunarvöru.

Ef til slíkrar breytingar kæmi leggur ráðuneytið til að í stað orðanna „frá viðurkenndum samtökum rétthafa“ í 1. og 2. gr. frumvarpsins komi eftirfarandi: **„vegna síðari afnota eftir að verk skv. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. gr. sömu laga“**.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins yrði þá svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. A-liðar 7. gr. skulu greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem rétthafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. mgr. sömu laga, teljast til fjármagnstekna án nokkurs frádráttar.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins yrði þá svohljóðandi: Ákvæði laga þessara, svo sem um skilaskylda aðila, afdrátt staðgreiðslu og skilaskyldu staðgreiðslu, gilda um greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem rétthafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. mgr. sömu laga, sbr. 4. málsl. 3. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Í nefndaráliti er einnig þörf á að fram komi ítarleg lýsing á því hvað átt sé við með orðunum „vegna síðari afnota“. Sem dæmi má nefna að endurútgáfa á bók teljist eingöngu til vörusölu og kaup á lagi til afspilunar teljist til vörukaupa, gagnstætt því sem t.a.m. á við ef lag er flutt í útvarpi og höfundur fær greitt af því stefgjald. Þannig teldust „beinar tekjur af seldum eintökum“ til almennrar vörusölu en „óbeinar tekjur af einhvers konar nýtingu á verkinu“, s.s. þegar kort er gert eftir málverki, tónverk sem nýtt er í leikverk o.s.frv. til fjármagnstekna.

Að lokum bendir ráðuneytið á að ef ofangreind breytingatillaga verður að veruleika þarf að uppfæra mat á kostnaðaráhrifum frumvarpsins. Slíkt mat er í skoðun innan SSK.

**Nefndarsvið Alþingis**  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

19. mars 2019

**EFNI: Umsögn frá Myndstef vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum). Mál 762.**

Myndstef hefur fengið til umsagnar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu **frumvarp um um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum).**

Myndstef fagnar ofangreindu frumvarpi, enda um að ræða mikilvægt hagsmunamál fyrir myndhöfunda. Hefur Myndstef lengi vel þurft að standa fyrir gagnrýni frá sínum höfundum vegna þeirrar fyrirkomulags sem áður var, og þá sérstaklega við úthlutun til erfingja og annarra afleiddra rétthafa, enda tíðkast það ekki við aðrar erfðir að af þeim sé reiknaður tekjuskattur. Að auki hafa rétthafar höfundaréttar oft ekki sama tækifæri á að skila kostnaði á móti tekjum og lækka þar skattstofn sinn. Að auki styður frumvarp þetta það sjónarmið að verk sem þegar hafa verið sköpuð séu ákveðin verðmæti, eign, og tekjur sem geta orðið til af þeirri eign eigi ekki að skattleggja á sama hátt og eiginlegt vinnuframlag.

Að lokum fagnar Myndstef þeim breytingum sem frumvarpið sætti við gerð þess, og að brugðist hefur verið við þeim athugasemdum sem umsögn Myndstefs bar með sér, dags. 19. mars s.l.

Virðingarfyllst og f.h. Myndstefs,  
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir  
Lögfræðingur Myndstefs

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

b.t. [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík, 9. apríl 2019.

**Efni: Umsögn RSÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum). Þingskjal 1213, 762. mál.**

Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) er stéttarfélag og réttthafasamtök rithöfunda. Með vísan til tilgangs sambandsins sem er m.a. að gæta hagsmuna og réttar rithöfunda, gerir sambandið eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp til laga.

Rétt er að ítreka það sem áður hefur komið fram í umsögn sambandsins þegar frumvarpið birtist í svokallaðri samráðsgátt; RSÍ er afar hlynnt því að greiðslur til höfunda verði almennt skattlagðar sem fjármagnstekjur í stað launatekna og tekur undir að eðlilegt sé að tekjur vegna nýtingar á verkum sem þegar hafa verið sköpuð séu skattlagðar eins og aðrar tekjur manna af eignum sínum. Í þeim skilningi er um réttlætismál að ræða fyrir rithöfunda og aðra höfunda sem og réttthafa í heild.

Til viðbótar við ofangreint vill RSÍ koma því sérstaklega á framfæri að það er skilningur sambandsins að frumvarpið verði óbreytt ekki skýrt á annan veg en svo að allar greiðslur sem RSÍ úthlutar, greiðir og/eða miðlar til réttthafa vegna höfundaverka sem njóta verndar skv. höfundalögum eigi undir frumvarpið, sama hvort greiðslurnar teljist höfundagreiðslur á grundvelli höfundalaga, sbr. t.d. greiðslur frá IHM sbr. 11. gr. laganna, eða teljist ekki vera greiðslur á grundvelli höfundalaga, sbr. t.d. greiðslur vegna bókasafnasjóðs sbr. VI. kafli bókasafnalaga nr. 150/2012. Enginn greinarmunur sé gerður á slíkum greiðslum, allar eigi þær undir lögum enda séu þær bæði greiddar af RSÍ sem eru viðurkennt samtök réttthafa og eru vegna höfundaverks sem nýtur verndar skv. höfundalögum.

Að því sögðu telur RSÍ þó eðlilegt að meginreglan verði látin gilda um allar eða sem allra flestar greiðslur af höfundaverkum eftir frumsköpun en ekki einungis þær greiðslur sem greiddar eru réttthöfum í gegnum eða fyrir tilstilli samtaka réttthafa. Telur RSÍ þannig rétt að fellt yrði út það skilyrði að greiðslurnar berist réttthöfum frá samtökum réttthafa. Stór hluti tekna rithöfunda eftir frumsköpun lýtur m.a. að sölu á t.d. kvikmyndarétti að bókmenntaverkum eða rétti til sviðsuppsetningar í leikhúsi. Slíkir samningar eru ávallt gerðir á einstaklingsgrunni en ekki fyrir tilstilli eða milligöngu samtaka réttthafa.

Enginn eðlismunur er hins vegar á greiðslum til réttthafa vegna t.d. sölu á kvikmyndarétti verndaðs bókmenntaverks og þeim greiðslum sem berast réttthöfum í gegnum RSÍ. Þykir RSÍ því hvorki rökrétt né sannfærandi að slíkur munur verði á skattheimtu þessara tekna að öllu máli skipti að greiðslurnar verði að berast réttthöfunum fyrir tilstilli RSÍ. Leggur RSÍ því eindregið til að ekki verði slíkur greinarmunur gerður á skattheimtu greiðslna til réttthafa að þær beri hærri skattprósentu ef þær eru greiddar til réttthafans beint, án viðkomu hjá RSÍ. Réttara væri að allar greiðslur til réttthafa vegna verndaðra verka eftir frumsköpun verði skattlagðar á sama máta og með sömu skattprósentu.

Virðingarfyllst,  
Ragnheiður Tryggvadóttir  
framkvæmdastjóri Rithöfundasambands Íslands

# Minnisblað

**Til:** Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

**Frá:** Ríkisskattstjóra

**Dags.:** 20. ágúst 2019

**Efni:** Minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytis, dags. 6. júní 2019, í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundarréttindum)

---

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis bendir ríkisskattstjóri á eftirfarandi atriði í tengslum við framangreint minnisblað skrifstofu skattamála hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu vegna þskj. 1213 – 762. mál:

Fram kemur af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að ef gerð yrði breyting á umræddu þingskjali þá myndi 1. gr. frumvarpsins verða svohljóðandi: *Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. A-liðar 7. gr. skulu greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem réttthafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. mgr. sömu laga, teljast til fjármagnstekna án nokkurs frádráttar.*

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins yrði svohljóðandi: *Ákvæði laga þessara, svo sem um skilaskylda aðila, afdrátt staðgreiðslu og skilaskyldu staðgreiðslu, gilda um greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem réttthafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. mgr. sömu laga, sbr. 4. málsl. 3. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.*

Jafnframt er á það bent af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytis að skýra þurfi ítarlega í nefndaráliti að eingöngu greiðslur vegna nýtingar verka eftir að þau eru orðin aðgengileg almenningi samkvæmt höfundalögum muni ef af verður teljast til fjármagnstekna. Í höfundalögum nr. 73/1972 sé nánar skilgreint í 2. og 3. gr. laganna hvenær verk teljist hafa verið gerð aðgengileg almenningi eða birt og gefin út fyrir almenning. Í nefndaráliti sé einnig þörf á að fram komi ítarleg lýsing á því hvað átt sé við með orðunum „vegna síðari afnota“. Sem dæmi megi nefna að endurútgáfa á bók teljist eingöngu til vörusölu og kaup á lagi til afspilunar teljist til vörukaupa, gagnstætt því sem t.a.m. á við ef lag er flutt í útvarpi og höfundur fær greitt af því stefgjald. Þannig teldust „beinar tekjur af seldum eintökum“ til almennrar vörusölu en „óbeinar tekjur af einhvers konar nýtingu á verkinu“, s.s. þegar kort er gert eftir málverki, tónverk sem nýtt er í leikverk o.s.frv. til fjármagnstekna.

Ríkisskattstjóri tekur undir allt það sem fram kemur í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytis til efnahags- og viðskiptanefndar. Verði umræddar breytingar á skattlagningu af höfundarréttargreiðslum að veruleika er afar mikilvægt að þær tekjur sem ekki eiga að teljast til almennra tekna og lúta skattlagningu sem fjármagnstekjur (eignatekjur) séu vel afmarkaðar. Verður ekki annað séð en að sú breyting sem ráðuneytið leggur til í þessum efnum nái því markmiði. Jafnframt þarf þó að koma skýrt fram í nefndaráliti vegna breytinga á frumvarpinu hvað sé undirliggjandi og að tekin séu dæmi þar um eins og ráðuneytið leggur til. Rétt væri jafnframt að ítreka að þessi breyting tekur eingöngu til tekna einstaklinga, ekki lögaðila

eins og t.d. einkahlutafélaga, og með því að tekjur teljist til eignatekna af því tagi sem um ræðir er allur frádráttur á móti þeim óheimill. Sá hluti tekna listamanna sem félli undir að vera fjármagnstekjur (eignatekjur) yrði því að færa í persónuframtal viðkomandi en ekki rekstrarframtal.

Ríkisskattstjóri vill enn fremur benda á að huga þarf að samspili væntanlegra breytinga við nýsett lög nr. 88/2019, um sameiginlega umsýslu höfundarréttar. Þar koma m.a. fram ýmsar skilgreiningar sem vert er að skoða hvort séu í þversögn við fyrirhugaðar breytingar.

Þá telur ríkisskattstjóri að efni séu til þess að tekið sé sérstaklega fram að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á skattlagningu höfundarréttargreiðslna.

# Minnisblað

## um reiknað endurgjald

**Til:** Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

**Frá:** Ríkisskattstjóra

**Dags.** 7. maí 2019

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur vegna skattlagningar tekna af höfundaréttindum, sbr. þskj. 1213 mál nr. 762. Af hálfu efnahags- og viðskiptanefndar var óskað eftir því að ríkisskattstjóri legði fram minnisblað um reiknað endurgjald með hliðsjón af greindu frumvarpi.

### Hvernig tekjur eru höfundaréttargreiðslur?

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að samkvæmt 3. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, telst endurgjald til höfunda og réttihafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, til almennra tekna sem sæta launaskattlagningu, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu. Samkvæmt B-lið ákvæðisins teljast allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi til atvinnurekstrartekna, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum lagagreinarinnar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Það hvort endurgjald til höfunda telst vera tekjur samkvæmt 3. tölul. A-liðar 7. gr. eða B-lið ákvæðisins veltur samkvæmt framansögðu á því hvort viðkomandi móttakandi greiðslunnar stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Lítið er um skilgreiningar á því í skattalöggjöfinni hvað telst vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi. Hefur í skatt- og úrskurðaframkvæmd einkum verið horft til þess hvort um sjálfstæða starfsemi sé að ræða sem rekin er reglubundið og í nokkru umfangi. Verður að meta hvert tilvik fyrir sig en almennt má segja að sá sem hefur reglubundna vinnu af list sinni stundi atvinnurekstur. Þær greiðslur sem viðkomandi hlotnast af þeirri starfsemi teljast þá atvinnurekstrartekjur og gerast upp skattalega með þeim hætti.

Rétt er að taka fram að sé rekstur í höndum lögaðila teljast allar tekjur hjá félaginu hverju nafni sem þær nefnast. Dæmi eru um að einstaklingar hafi stofnað félög utan um liststarfsemi sína og renna allar tekjur af starfseminni þá til félagsins en viðkomandi listamaður er starfsmaður félagsins, svo sem gildir um hvern annan atvinnurekstur.

### Reglur um reiknað endurgjald

Grundvallarákvæðið um reiknað endurgjald (reiknuð laun) og sköttunarheimild þess til tekjuskatts er 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 21. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, að því er varðar útsvar. Samkvæmt nefndu ákvæði laga nr. 90/2003 ber þeim manni, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við



atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Í 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, er fjallað um ákvörðun og meðferð reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu samkvæmt þeim lögum, sbr. 2. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 5. gr. laganna. Í 58. gr. laga nr. 90/2003 eru ákvæði um vefengingu ríkisskattstjóra á tilfærðu reiknuðu endurgjaldi af hendi skattaðila, ákvarðanir ríkisskattstjóra í því sambandi, viðmiðanir og skorður sem þessu ákvörðunarvaldi eru settar.

Samkvæmt ákvæðum 58. gr. laga nr. 90/2003 skal ríkisskattstjóri við upphaf árs setja reglur um reiknað endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur, að fenginni staðfestingu ráðherra. Við ákvörðun þessara lágmarksfjárhæða skal hafa hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf að viðbættum hvers konar hlunnindum.

Af orðalagi 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga verður ráðið að maður þurfi að vinna við viðkomandi atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi til þess að eiga að reikna sér endurgjald. Tveir meginþættir þurfa því að vera uppfylltir, þ.e. að um sé að ræða atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og að viðkomandi einstaklingur vinni við starfsemina.

Í viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra vegna reiknaðs endurgjalds á árinu 2019 eru átta yfirflokkar og 45 undirflokkar. Yfirflokkarnir skiptast niður eftir tegundum starfa/starfsemi en undirflokkarnir skiptast einkum eftir umfangi rekstrarins, stjórnunarþætti og hvort um er að ræða byrjun rekstrar. Undir yfirflokk C falla m.a. þeir sem starfa að fjölmiðlun, listamenn, skemmtikraftar og útgefendur. Fram kemur nánar að til þessa flokks teljist þeir sem vinni við greinda starfsemi, s.s. blaðamenn, fréttá- og dagskrárgerðarmenn, kvikmyndagerð, listamenn og skemmtikraftar. Þessi yfirflokkur skiptist síðan í sjö undirflokkar og skilur fyrst og fremst á milli flokka eftir umfangi starfseminnar og stjórnunarþætti viðkomandi starfs. Flokkur C 6 gildir fyrir mann sem starfar einn og án annarra starfsmanna eða aðkeypts vinnuframlags. Lágmarksmánaðarlaun fyrir fullt starf samkvæmt greindum flokki eru 521.000 kr. Telja verður að sjálfstætt starfandi listamenn sem starfa einir að listsköpun sinni falli undir þennan viðmiðunarflokk.

### **Mál nr. 762 – þskj. 1213**

Samkvæmt því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 3. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt, sem leiði til þess að greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem réttihafa frá viðurkenndum samtökum réttihafa samkvæmt höfundalögum, nr. 73/1972, verði skattlagðar sem fjármagnstekjur án nokkurs frádráttar í stað launatekna.

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að núgildandi fyrirkomulag á skattlagningu tekna af höfundaréttindum hafi sætt gagnrýni þar sem eðlilegt þyki að tekjur vegna nýtingar á verkum sem þegar hafa verið sköpuð séu skattlagðar eins og aðrar tekjur manna af eignum sínum. Þá hafi einnig verið talið óeðlilegt að skattleggja umræddar greiðslur sem launatekjur þegar höfundur tiltekins verks sé látinn en verkið haldi áfram að gefa af sér tekjur til erfingja eða annarra einstaklinga sem réttihafa.

Skilja verður þessa fyrirhuguðu breytingu á þann veg að átt sé við að greiðslur vegna nýtingar listaverks eftir að það er orðið aðgengilegt almenningi falli undir að vera eignatekjur og lúti skattlagningu sem slíkar, t.d. greiðslur vegna tónlistarflutnings í útvarpi eða öðrum miðlum, upplesturs á ritverkum, birtingar á myndverkum í bókum eða á jólakortum og annars í þessum dúr. Verður ekki séð að meiningin sé að haggja við þeirri meginreglu að allar greiðslur vegna sölu á listaverkum sem í raun má jafna við hverja aðra vörusölu, s.s. útgáfurétti eða bókum, tónlist, myndverkum og öðru slíku teljist til almennra

tekna viðkomandi og fari þá eftir atvikum hvort um sé að ræða atvinnurekstartekjur eða ekki, sbr. það sem rakið er að framan.

Verði breyting þessi að lögum og sé sá skilningur sem hér kemur fram réttur verður ekki séð að nein breyting verði á þeirri skyldu manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem listamenn að reikna sér endurgjald vegna þeirrar vinnu. Eina breytingin verði sú að greiðslur sem falla til vegna nýtingar eða afnota af verkum viðkomandi listamanns sem greiddar eru frá viðurkenndum samtökum rétthafa teljist til eignatekna. Er gengið út frá því að með því sé átt við greiðslur sem falla til vegna nýtingar eða afnota eftir að verk hefur verið birt eða gefið út í skilningi höfundalaga nr. 73/1972.

Fyrirhugaðar breytingar leiða auðvitað til þess að mismunandi reglur gilda um meðferð tekna þótt þær stafi í raun af sama verki. Vissulega skapar þessi mismunur ákveðið ósamræmi. Verði þessi breyting að lögum er ekki unnt að blanda saman almennum rekstrartekjum og höfundarréttargreiðslum í rekstraruppgjöri, heldur yrði að gera ráð fyrir því að þær greiðslur sem féllu undir að vera eignatekjur yrðu færðar beint í persónuframtal viðkomandi einstaklings en ekki í rekstraryfirlit.



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2019

1903020SA TP  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Breytt skattlagning tekna af höfundaréttindum – 762. mál 149. lp.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. apríl sl., þar sem frumvarp til laga ofangreinds efnis var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Vegna anna dróst að ganga frá umsögninni, sbr. tölvupóst til ritara efnahags- og viðskiptanefndar dags. 24. apríl sl.

#### **Almennt**

Frumvarpið er samið til þess að framfylgja stefnuyfirlýsingu í gildandi ríkisstjórnarsáttmála þar sem segir:

*Hugað verður að breytingum á skattlagningu á tónlist, íslenskt ritmál og fjölmiðla. [...] Höfundagreiðslur sem viðurkennd rétthafasamtök innheimta verða skattlagðar sem eignatekjur.*

Lagt er til að þessu markmiði verði náð með því að gera breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Breytingarnar fela í sér að höfundagreiðslur skuli skattleggjast sem fjármagnstekjur hjá einstaklingum utan rekstrar en ekki sem launatekjur. Nái breytingarnar fram að ganga um næstu áramót eins og lagt er til munu greiðslurnar (að óbreyttum skatthlutföllum) bera - innan staðgreiðslu - 22% skatt án frádráttarréttar en ekki skatt á bilinu 36.94% til 46,24% eins og er í dag (að viðbættum áhrifum af frádrætti).

#### **Áhrif á fjárhag ríkis og sveitarfélaga**

Þegar áform um þessar breytingar voru fyrst kynnt voru áhrif talin vera neikvæð gagnvart tekjum ríkisins þar sem lækkun á tekjuskatti og tryggingagjaldi yrði meiri en hækkun tekna af fjármagnstekjuskatti (sbr. mismunandi skatthlutföll). Hljóðaði lauslegt bráðabirgðamat upp á allt að 100 m.kr. tekjumissi ríkisins á ári.

Þessi áhrif hafa nú verið metin að nýju og kemur fram að nettó tekjutap ríkisins nemi innan við 30 m.kr. á ári. Þessi áhrif eru að langmestu leyti vegna tryggingargjalds en nettóáhrifin gagnvart sköttum á einstaklinga eru svo gott sem engin.


Samkvæmt þessu nýja mati eru áhrif gagnvart sköttum á einstaklinga mun meiri í tilviki sveitarfélaga. Minni tekjur fyrir sveitarfélögin vegna lægra útsvars eru þannig taldar vera u.þ.b. 70 m.kr. á ári. Þessir útreikningar miðast við tekjur ársins 2017 og með því að gera ráð fyrir að tekjuskatts- og útsvarsstofninn hækki nokkuð fram til ársins 2020 fæst sú niðurstaða að tapað útsvar vegna lagabreytingarinnar nemi nálægt 80 m.kr. á upphafsárinu 2020.

Af þessu leiðir í reynd að sveitarfélögunum er ætlað að fjármagna að 3/4 hlutum framkvæmdina á umræddu loforði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Að mati sambandsins hljóta þessi kostnaðaráhrif að teljast umtalsverð og skapa tilefni til þess að fara yfir málið á þeim vettvangi sem lög gera ráð fyrir að fjalla skuli um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Karl Björnsson', is written over a horizontal line.

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 17. apríl 2019

**Varðar: Umsögn STEFs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum, 762. mál.**

STEF fagnar því mjög að umrætt frumvarp hafi verið unnið af hálfu fjármálaráðuneytisins og sé nú lagt fram á Alþingi, enda um að ræða gamalt baráttumál STEFs til margra ára.

Um er að ræða mikið réttlætismál fyrir tónhöfunda sem oft eru í mjög mismunandi aðstöðu að geta talið fram kostnað á móti skattstofni til greiðslu hefðbundins tekjuskatts. Ef frumvarp þetta verður að lögum mun það ekki síst gagnast þeim tónhöfundum sem eru að byrja feril sinn og eru ekki sjálfir að reka upptökustúdíó og hafa takmarkaða möguleika á að telja fram kostnað á móti höfundaréttartekjum. Sérstaklega er óeðlilegt að erfingjar höfundaréttar þurfi að greiða tekjuskatt af þeim höfundarétti sem þeir hafa erfð á meðan erfingjar ýmissa annarskonar eigna greiða fjármagnstekjuskatt af þeim hagnaði sem þeir hafa af eignum sínum.

Rétt er að koma því á framfæri í þessu sambandi að þetta mál getur haft mjög mikil og jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu STEFs við erlend höfundaréttarsamtök. Nái frumvarpið fram að ganga getur löggjöf þessi orðið eitt af því sem skiptir máli þegar íslenskir tónhöfundar velja hvert erlendar höfundaréttartekjur þeirra renni og á þann hátt haft jákvæð áhrif á greiðsluflæði til STEFs og þar með til Íslands almennt.

Virðingarfyllst  
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri